

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *44.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 25. okt. 2012, kl. 14:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 15. okt.
3. Deiliskipulag Birkilandi.
4. Deiliskipulag hótellóðar í landi Arnarvatns.
5. Forsendur fjárhagsáætlunar 2013.
6. Styrkumsókn vegna Fjárlaganámskeiðs í Skjólbrekku.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Valgeirs Guðmundssonar til Vegagerðarinnar dags. 5. okt.

Bréf frá framkvæmdastjóra Línudans ehf. dags. 9. okt.

Ályktanir aðalfundar Eypings 2012.

Bréf frá Jóhannesi Pétri Héðinssyni dags. 21. okt.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 15. okt.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar kemur fram að farið hafi verið yfir deiliskipulagstillögu vegna Kröfluvirkjunar og við hana gerðar nokkrar athugasemdir.

Í öðrum lið er tekið fyrir erindi frá Landmótun sf. f.h. Vatnajökulspjóðgarðs og Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir afgreiðslu á skipulags- og matslýsingu fyrir deiliskipulag Dettifossveggar. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og matslýsingarnar verði samþykktar og með þær farið skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010.

Í þriðja lið er tekið fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Birkilandi. Sveitarstjórn hafði samþykkt að grenndarkynna erindið á sínum tíma og að málsmeðferð væri í samræmi við að um óverulega breytingu á deiliskipulaginu væri að ræða. Þrátt fyrir að engar athugasemdir bærust við grenndarkynninguna hafnaði Skipulagsstofnun málsmeðferðinni og taldi að auglýsa hefði átt breytinguna eins og um verulega breytingu á tillögunni væri að ræða. Nefndi beinir því til sveitarstjórnar að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Birkilands skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010.

Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð í Bjarnarflagi úr landi jarðarinnar Voga 1, 2 og 3 sbr. m.f. lóðarupprátt. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að byggingafulltrúa verði falin málsmeðferð.

Í fimmta lið er tekið fyrir að nýju erindi Garðars Finnssonar þar sem hann sækir formlega um lóðina að Múlavegi 11. Erindið var grenndarkynnt skv. 44. gr. laga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust. Lagt er til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að skilgreina lóðamörk hinnar nýju lóðar og að annast gerð lóðarsamnings og byggingarskilmála í samráði við byggingarfulltrúa.

Í sjötta lið er tekin fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns. Tillagan var kynnt á almennum fundi 8. október s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni. Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010.

Í sjöunda lið er tekið fyrir erindi frá Vogafjosi ehf. þar sem óskað er eftir heimild til viðbyggingar við núverandi Vogafjós skv. m.f. teikningum. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að þar sem ekkert deiliskipulag er til af svæðinu verði tillagan grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010. Jafnframt vill nefndin beina þeim tilmælum til umsækjanda að vegna vaxandi umsvifa og fyrirhugaðra framkvæmda sé nauðsynlegt að láta vinna deiliskipulag af svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

3. Deiliskipulag Birkilandi.

Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi Birkilands, frístundabyggðar, unnin af arkitektastofunni Form og Búgarði.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Deiliskipulag hótellóðar í landi Arnarvatns.

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi hótellóðar í landi Arnarvatns, unnin af Verkfræðistofunni Mannvit.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. Mgr. 41. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Forsendur fjárhagsáætlunar 2013.

Farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar og þær ræddar.

6. Styrkumsókn vegna Fjárlaganámskeiðs í Skjólbrekku.

Borist hefur bréf frá Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur þar sem hún óskar eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna „Fjárlaganámskeiðs“ sem fyrirhugað er að alda 9. og 10. nóvember n.k. undir stjórn Jóns Stefánssonar, Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Hjördísar Einarsdóttur.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Félags- og menningarmálanefndar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.